



SUMARBÚÐIRNAR

ÁSTJÖRN

STOFNADAR 1946

Krifstofa og upplýsingar: Pósthólf 418 · 602 Akureyri · Sími 462 3980
astjorn.is · astjorn@gmail.com · facebook · Instagram · Youtube
Sumarbúðirnar Ástjörn í Kelduhverfi · 671 Kópasker · Sími 465 2262
Kt. 580269-0609 · Landsbanki Ísl. 0162-26-18363
Sumarbúðastjóri: Árni Hilmarsson · Sími 860 2262

Bréf vegna unglingsviklu 1.-8. ágúst 2024 (4. fl.)

Kæri Ástirningur!

Í þessu bréfi, sem er sent vegna tilvonandi dvalar þinnar við Ástjörn sumarið 2024, eru helstu upplýsingar. Lestu bréfið vandlega og geymdu á góðum stað.

Hvað þarf að gera núna?

Athugaðu fyrst, hvort þú hafir fengið öll nauðsynleg gögn. Auk þessa bréfs áttu einnig að hafa fengið:

- Greiðsluseðil** (í heimabanka) til að greiða dvalargjaldið.
- Upplýsingaseðil**. Fyllið út sem rafrænt PDF skjal (sjá astjorn.is/gogn) og sendið í tölvupósti með viku fyrirvara.

Útbúnaðarlisti

Mundu að taka með þér bæði sumarfatnað og hlý föt, regnföt og sundföt. Einnig er nauðsynlegt að hafa með sér stígvél og góða skó. Vind- eða regnfatnaður er nauðsynlegur, ef farið verður á hestbak. Ekki þarf að taka með sængur- eða rúmfatnað, handklæði og þvottapoka, heimilið leggur allt slíkt til. En snyrtiveskið með öllu tilheyrandi má ekki gleymast. Ef þú átt myndavél gæti hún komið að góðum notum. Mundu líka að taka með skriffæri og Nýja testamenti eða Biblíu.

Hljómtæki eru ekki leyfð, nema tónlistarspilarar með heyrnartólum. Vímuefni og sigarettur er að sjálfsögðu ekki leyft og áskiljum við okkur rétt til að taka það af þeim sem koma með slíkt. Leyfilegt er að koma með farsíma eða snjallúr, en þó verður notkun þeirra takmörkuð. **Við mælum eindregið með því að farsímar séu skildir eftir heima.** Ekki er leyfilegt að koma með spjaldtölvu eða fartölvu.

Gott er að hafa lítinn vasapening meðferðis (ekki nauðsynlegt), t.d. 3000-4000 kr. fyrir sjoppuferðir.

Í tíma fyrir brottför

Merktu við í viðeigandi reiti á *Upplýsingaseðlinum*, hvernig þú kemur til Ástjarnar.

Þeir, sem eiga við einhver veikindi að stríða, eiga að koma með læknisvottorð, þar sem fram komi hvers eðlis veikindin eru og fyrirmæli gefin um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv.

Allir við Ástjörn eiga sitt fatanúmer/Ástjarnarnúmer. Ef fötin þín eru ekki þegar merkt þá er best er að merkja þau með þessu númeri. Einnig bækur, skó, myndavélar o.fl., í stuttu máli allt, sem þú kemur með. Á hverju hausti liggur eftir alls konar fatnaður og dót, sem er ómerkt. Merktu því allt vel og vandlega. Notið sérstakan fatatúss-penna sem þolir þvott, eða aðra merkingu.

Mundu að merkja ferðatöskuna þína með nafni og númeri.

Brottfarardagurinn

Farið verður með rútu til Ástjarnar frá Akureyrarflugvelli **fimmtudaginn 1. ágúst kl. 12:20.**

Flug til Akureyrar: Á Akureyrarflugvelli verður tekið á móti þeim, sem koma með flugi úr Reykjavík. Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni. **Bókið flugið á vefsíðu Ástjarnar: astjorn.is/flug** með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Á vefsíðunni kemur fram verð og fleiri upplýsingar varðandi sumarbuðafaragjaldið RKV-ÁEY-RKV fyrir unglina á leið til Ástjarnar.

Flugvél fer frá Reykjavík kl. 11:05 (mæting kl. 10:20).

Þeir sem koma með einkabil til Ástjarnar komi þangað um kl. 14:30.

Dvölin við Ástjörn

Margt er gert sér til gamans við Ástjörn. Vatnið og bátarnir er alltaf vinsælt, og í hlýju veðri er gaman að synda í vatninu. Rúmlega 20 bátar eru við Ástjörn, hjólabátar, árabátar, kajakar, kanóar og skútur. Keppt er í ýmsum íþróttum og verðlaun veitt. Auk þess er sungið, haldnar kvöldvökur, biblíustundir og margt fleira gert.

Við Ástjörn er þér skylt að hlýða starfsfólki og öllum reglum heimilisins. Þær eru m.a. settar þér til öryggis, til varnar slysum eða til að kenna þér háttprýði. Ástjörn ber ekki ábyrgð á óviðráðanlegum slysum.



Heimferð

Komið verður til Akureyrarflugvallar **fimmtudaginn 8. ágúst kl. 15:45.**

Þeir sem koma til að sækja á einkabil, mæti til Ástjarnar um kl. 13:30.

Flug til Reykjavíkur: Vegna þess að Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni, þá þarf að bóka flugið í gegnum **vefsíðu Ástjarnar: astjorn.is/flug** tímanlega. Brottför á flugi frá Akureyri er kl. 16:45 og landing í Reykjavík kl. 17:30.

Vonandi hefir þetta bréf hjálpað þér við undirbúning fararinnar. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 462 3980 (Árni eða Magnús) eða í tölvupósti astjorn@gmail.com.



Við leggjum áherslu á ...

heilbrigðan lífsstíl og góðan félagsskap.

Við höfum áhyggjur af greiðu aðgengi unglinga á Íslandi að vímuefnum og fíkniefnum og leggjum áherslu á að ekkert slíkt sé við Ástjörn.

Við leggjum líka áherslu á almenna kurteisi og virðingu,
bæði í framkomu og talsmáta.

Skylt er að hlýða reglum Ástjarnar og starfsfólki.

Við vonum að þú eigir góða og eftirminnilega daga við Ástjörn.

Með bestu kveðju frá starfsfólki Ástjarnar!



Við mælum með því að þið gerið LIKE á síðurnar okkar

[facebook.com/astjorn](https://www.facebook.com/astjorn)

til þess að geta fylgst betur með þegar nýjar myndir eða upplýsingar birtast þar.

og [instagram.com/astjorn](https://www.instagram.com/astjorn)

Og myndbönd á [youtube.com/astjorn](https://www.youtube.com/astjorn)

og fönðurhugmyndir á [pinterest.com/astjorn/föndurhugmyndir](https://www.pinterest.com/astjorn/föndurhugmyndir)